

From: Brynhildur Jónsdóttir <brynhildur@kvennaathvarf.is>

Sent: Monday, December 4, 2023 11:54 AM

To: Reykjanesbær RNB <reykjanesbaer@reykjanesbaer.is>

Subject: Beiðni um rekstrarstyrk fyrir árið 2024

Reykjanesbær

Kjartan Már Kjartansson

Umsókn um rekstrarstyrk fyrir árið 2024

Í ríflega 40 ár hefur Kvennaathvarfið þjónað íslensku samfélagi sem frjáls félagasamtök í náinni samvinnu við opinbera kerfið. Úrræði Kvennaathvarfsins eru löngu orðin ómissandi hluti af þeirri þjónustu sem konur og börn sem búa við ofbeldi geta nýtt sér. Samtök um kvennaathvarf reka nú tvö athvörf, í Reykjavík og á Akureyri og eru þau sem nýta sér þjónustu athvarfanna fjölbreyttur hópur þolenda, aðstandenda og fagaðila alls staðar að af landinu. Stöðug aðsókn hefur verið bæði í dvalar- og viðtalsþjónustu athvarfsins og hefur viðtalshlutinn farið ört vaxandi undanfarin ár.

Ráðgjafar okkar hafa átt í nánu og góðu samstarfi við starfsfólk sveitarfélaga í gegnum árin, bæði hvað varðar málefni þeirra kvenna sem til okkar leita en einnig í auknum mæli varðandi málefni barna sem gista athvarfið. Sveitarfélög hafa hingað til verið öflugir stuðningsaðilar kvenna og barna sem sækja skjól til Kvennaathvarfs og er það von okkar að svo verði áfram. Í því skyni óskum við eftir rekstrarstyrk fyrir árið 2024 að fjárhæð kr. 800.000.

Ársskýrslur Samtaka um kvennaathvarf er hægt að nálgast á heimasíðu athvarfsins, kvennaathvarf.is/arsskyrslur/.

F.h. Samtaka um kvennaathvarf

Brynhildur Jónsdóttir, rekstrarstýra
brynhildur@kvennaathvarf.is